

starfsafl

Ársskýrsla 2024



Frá framkvæmdastjóra

Áherslur í starfsemi sjóðsins slá í takt við atvinnulífið og þarfir þeirra sem starfa á almenna markaðnum, hjá fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Með sífelldri hlustun og virkri þátttöku á vettvangi mannauðs- og fræðslumála, er hægt að mæta þeim þörfum.

Eitt af meginmarkmiðum Starfsafls er að styðja fyrirtæki og starfsfólk þeirra í því að efla hæfni, öryggi og tækifæri á vinnumarkaði – óháð lífaldri, starfsaldri eða ráðningartíma. Það er því mikilvægt að fyrirtæki geri allt starfsfólk, þar með talið sumarstarfsfólk og þá sem eru tímabundið ráðnir, að virkum þátttakendum í fræðslu sem getur leitt til áunninna réttinda og annarrar viðurkenndrar hæfni á vinnumarkaði.

Aukin áhersla á stafrænt fræðsluumhverfi sem og aðgengi að stafrænni fræðslu er fagnaðarefni og mikilvæg þróun í fræðslumálum. Þó ber að hafa í huga að slíkt umhverfi tryggir ekki sjálfkrafa þátttöku í fræðslu heldur opnar aðgengi að fræðslu. **“Að hafa er ekki það sama og að nota”** Því er mikilvægt að fyrirtæki séu með skýra fræðslustefnu og miðli henni markvisst til starfsfólks. Stefna og sýn tryggja að fræðsla styðji við markmið og rekstur fyrirtækisins og að allt starfsfólk hafi raunverulegt tækifæri til að nýta sér þau tækifæri og þann stuðning sem í boði er.

54% starfsfólks hefur áhyggjur af því að missa vinnuna á næstu 5 árum vegna þess að það skortir uppfærða hæfni samkvæmt könnun sem gerð var meðal 12.000 starfandi einstaklinga frá 27 löndum, þar af hafa 17% mjög miklar áhyggjur. Tveir þriðju fullorðinna segjast geta lært og þróað færni sem þarf fyrir störf framtíðarinnar hjá núverandi vinnuveitanda, 23 % mjög færir til þess og 44% nokkkuð færir.

Að þessu sögðu er það ánægjulegt að sjá hve mörg fyrirtæki hér á landi sækja um styrki vegna náms sem veitir starfsfólki þeirra starfsréttindi, hvort sem um ræðir réttindi á allar gerðir vinnuvéla, endurmenntun atvinnubílstjóra, gæðastjórnunar eða sértækarar hæfnipjálfunar, réttindi sem starfsfólkið tekur mögulega með sér til annarra starfa. Einnig er jákvætt að vaxandi fjöldi fyrirtækja fjárfestir í hæfni starfsfólks á sviðum eins og samskiptum, tímastjórnun og sjálfsstyrkingu. Allt eru þetta mikilvægir þættir sem stuðla að meiri fagmennsku, vellíðan og framþróun í starfi.

Starfsaflinn mun áfram styðja fyrirtæki í því að byggja upp fræðslumenningu þar sem öllu starfsfólki er gert kleift að sækja sér færni sem nýtist, ekki aðeins fyrirtækinu heldur líka einstaklingnum í og fyrir áframhaldandi starfsþróun.

Styrkir til einstaklinga eru jafnframt veigamikill þáttur í starfsemi Starfsafls. Fjöldi félagsmanna sækir um námsstyrki og nýtir þannig rétt sinn til að efla sig og auka framtíðarmöguleika sína, styðja við nám og starfsþróun.

Ungt fólk hefur sérstaklega nýtt sér rétt sinn til einstaklingsstyrkja, það er einstaklingar í námi sem starfa yfir sumartímann og afla sér þannig réttinda í sjóðinn og nýta þau síðar til að standa straum af kostnaði vegna skólagjalda. Fyrir þennan hóp getur slíkur fjárhagslegur stuðningur skipt verulegu máli og jafnvel verið það sem gerir þeim kleift að hefja eða halda áfram í námi.

Það er mikilvægt að hvetja einstaklinga til að axla ábyrgð á eigin starfsþróun alla starfsæfina. Að vera virkur þátttakandi í eigin færniuppbyggingu er lykill að því að viðhalda hæfni, auka tækifæri og mæta breyttum kröfum vinnumarkaðarins. Þeir sem halda vöku sinni og nýta þau úrræði sem í boði eru, svo sem styrki úr fræðslusjóðum eru betur í stakk búnir til að aðlagast, þróast og nýta hæfileika sína til fulls. Starfsþróun er ekki aðeins á ábyrgð vinnuveitenda heldur einnig einstaklinga sjálfra. Það að „sofa ekki á verðinum“ getur skipt sköpum fyrir vellíðan í lífi og starfi.

Lísbet Einarsdóttir,

Framkvæmdastjóri Starfsafls.


Um Starfsafl

Starfsafl – starfsmennt Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000. Þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja.

Hlutverk og markmið


Hlutverk Starfsafls er margþætt og felur meðal annars í sér áherslu á kynningar-og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun, að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun og kanna þarfir atvinnulífsins fyrir starfsmenntun almennra starfsmanna.

Dagleg störf speglast einna helst í umsýslu og afgreiðslu styrkja til fyrirtækja og einstaklinga vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar, styðja við skipulag og stefnumótun fræðslu í fyrirtækjum, aðkomu að námsefnisgerð og öðrum þeim verkefnum sem aðilar semja sérstaklega um í kjarasamningi.



Skipulag og starfshættir

Verklag sjóðsins er á þann veg að félögin sem að honum standa; Efling, VSFK og Hlíf, sjá um alla umsýslu og afgreiðslu styrkja til sinna félagsmanna en styrkir til fyrirtækja eru afgreiddir af skrifstofu Starfsafls.



Umsóknir um einstaklingsstyrki sem eru ekki skýrar eru bornar undir framkvæmdastjóra Starfsafls og skotið til stjórnar, ef svo ber undir.

Stjórn Starfsafls starfar eftir settum starfsreglum og nýttast þær sem verkfæri stjórnar Starfsafls og framkvæmdastjóra til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Í starfsreglunum er m.a. tekið á skipun stjórnar og skiptingu starfa, markmið sjóðsins, helstu hlutverk og skyldur stjórnar, ábyrgð stjórnarformanns og form stjórnarfundar, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og hæfi stjórnarmanna.

Rík áhersla hefur verið lögð á stefnumótandi hlutverk stjórnar og svigrúm aukið til að beita sér á öðrum þeim sviðum er falla undir hlutverk sjóðsins. Í því felst að vera framsýn, mótandi og leiðandi ef svo ber undir, þegar kemur að fræðslu- og starfsmenntamálum.

Fundir stjórnar eru haldnir reglulega og á starfsárinu voru þeir átta talsins en mörg mál voru lögð á borð stjórnar. Ný persónuverndarstefna var rituð og samþykkt, tekið var á svikamálum, nýjar reglur samþykktar og aðrar felldar niður. Ný samþykkt um aðkeypta þjónustu og innheimtu iðgjalda var samþykkt eftir margra mánaða vinnu og að síðustu var farið í endurskoðun á Fræðslustjóra að láni og öðrum reglum sem enn voru í vinnslu undir lok ársins og áttu að taka gildi um áramót 2025.

Stjórn og starfsfólk

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 einstaklingum, þremur frá Samtökum atvinnulífsins, þar af kemur einn fulltrúi frá samtökunum og tveir úr fyrirtækjum sem aðild eiga að samtökunum, og þremur frá þeim stéttafélögum sem standa að sjóðnum.

Stjórn 2024 – 2025

Fulltrúar stéttafélaga

Jóhann R. Kristjánsson, formaður stjórnar

Gundega Jaunlinina

Sólveig Anna Jónsdóttir

Varamaður fyrir Sólveigu Önnu; Rínar Magnússon

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins

Jóhanna Laufdal, varaformaður stjórnar

Jóhann Kristján Jóhannsson

Hugrún Elvarsdóttir, fram að vori 2024

Maj-Britt Hjördís Briem, frá hausti 2024

Framkvæmdastjóri Starfsafls

Lísbet Einarsdóttir

Sýnileiki Starfsafls og virk þátttaka á vettvangi atvinnulífs og starfsmenntamála

Sýnileiki Starfsafls skiptir verulegu máli þegar kemur að því að efla tengsl við fyrirtæki, hagsmunaaðila og almenning og auka skilning á mikilvægi starfs og hlutverks sjóðsins. Af þessum sökum hefur sjóðurinn markvisst leitað leiða til að taka virkan þátt í fjölbreyttum fundum og viðburðum, þar sem færi gefst á að kynna starfsemi sjóðsins með það að markmiði að auka þekkingu, traust og þátttöku.

Mikilvægt er að Starfsafl haldi áfram að vera sýnilegur á vettvangi sem tengist fræðslu, mannauðsmálum og rekstri og að sjóðurinn komi reglulega að viðburðum þar sem stefnumótun, fagleg umræða og þekkingarmiðlun fara fram. Slík þátttaka styrkir stöðu sjóðsins og dýpkar skilning á mikilvægu hlutverki hans í þróun og eflingu mannauðs á íslenskum vinnumarkaði. Þá skiptir einnig máli að birta greinar og

fræðsluefni þegar tilefni gefst til og taka þátt í opinberri umræðu, hvort sem það er í nafni Starfsafls eða undir merkjum Áttarinnar, sameiginlegrar vefgáttar fræðslusjóðanna.

Á árinu tók Starfsafl virkan þátt í fjölmörgum viðburðum sem stuðla að aukinni tengingu við fagfólk og atvinnulífið. Þar má meðal annars nefna móttöku fyrir félagsfólk Stjórnvísis í Húsi atvinnulífsins, heimsókn til meistaranema í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands, þátttöku í Degi félags mannauðsfólks ásamt öðrum sjóðum og kynningarstarf á bás Áttarinnar. Að síðustu var þegið boð um viðtal í morgunútvarp rásar 2 og rætt um íslenskuna í kjölfar greinarskrifa framkvæmdastjóra um sama efni en Starfsafl lagði aukna áherslu á mikilvægi íslenskunnar í íslensku atvinnulífi á árinu.

Þátttaka sjóðsins í þessum viðburðum endurspeglar skýrt vilja hans og framtak til að vera sýnilegur, aðgengilegur og virkur þátttakandi í þróun og uppbyggingu vinnumarkaðarins.



Vorfundur Starfsafls

Vorfundur Starfsafls hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur samráðs og samtals og var nú haldinn í sjöunda sinn. Fundurinn var öllum opin en sérstaklega var boðið fulltrúum fyrirtækja, hagaðilum, ráðgjöfum og öðrum nánum samstarfsaðilum.

Á dagskrá voru þrjú áhugaverð erindi þar sem stafrænn fræðsluheimur var í forgrunni auk þess sem formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Starfsafls fluttu stutt ávörp. Að loknum erindum var gestum boðið upp á veitingar og kærkomið tækifæri gafst til tengslamyndunar og ummræðu.

Fundarstjórn og erindi

Kristján J. Kristjánsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins í stjórn Starfsafls, stýrði fundinum og bauð gesti velkomna.

Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsafls, fór yfir helstu verkefni og tölfræði undangengis árs. Þar kom fram umtalsverð aukning í bæði fjölda umsókna og þátttöku fyrirtækja. Hún lagði áherslu á fjölbreyttan ávinning fyrirtækja af því að nýta sér styrki sjóðsins og hvatti fyrirtæki eindregið til að nýta sér tækifærin.

Dagbjört Una Helgadóttir, mannauðsstjóri hjá AÐ-þrifum, flutti fróðlegt erindi um íslenskukennslu í fjölþjóðlegu starfsumhverfi og innleiðingu á *Bara tala íslensku* appinu undir yfirskriftinni *Að sigrar fræðslumálin á hraða hænunnar*. Hún lýsti raunverulegum áskorunum og markvissum lausnum í takt við aðstæður fyrirtækisins.

Því næst tóku þær Elín Yngvadóttir og Ingibjörg Emilsdóttir til máls og fjölluðu um stafræna fræðslu í fyrirtækjum, með áherslu á áhrifaríka innleiðingu og viðhorf starfsfólks. Erindið byggði á lokaverkefnum þeirra til M.Ed. prófs í kennslu upplýsingatækni og miðlunar. Þær skiptust á að flytja erindið sem vakti mikla athygli gesta, enda líflega fram sett.

Að lokum flutti Ólína Laxdal, verkefnastjóri hjá Hæfnisetri ferðapjónustunnar, hagnýtt erindi um undirbúning stafrænnar umbreytingar. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að greina stöðu fyrirtækja og skýr markmið áður en ráðist væri í umbreytingar og velta því upp hvaða hvatar liggja að baki.

Gott andrúmsloft og öflugar umræður

Að dagskrá lokinni var boðið upp á veitingar og notalegt andrúmsloft þar sem gestir áttu gott samtal yfir ljúfum veitngum og deildu reynslu og hugmyndum, endurnýjuðu eldri tengsl og mynduðu ný.



Fréttir, greinaskrif og ýmis verkfæri á vef Starfsafls

Starfsafl sáskilur sér þann rétt að fjalla um allar styrkveitingar til fyrirtækja. Tilgangurinn er sá að vekja athygli á og undirstika hversu sterkur bakhjarl sjóðurinn er þegar kemur að starfsmenntamálum fyrirtækja. Að því sögðu var fjöldi fréttar birtar á vef Starfsafls á starfsárinu um styrkveitingar og annað tengt starfsmenntamálum.



27% aukning á milli ára í styrki til fyrirtækja



26.3 milljónir greiddar út í sjöunda mánuði ársins



Nú er tími fyrir tiltekt og græja umsóknir.



40 milljónir í styrki það sem af er ári

Þá má finna á vef Starfsafls ýmsar greinar og annað efni sem getur gagnast þeim sem vilja skoða sín fræðslu- og starfsþróunarmál. Til að mynda er þar að finna handbók á rafrænu formi um leiðir að árangursríkri fræðslu og þjálfun.

Handbókin er hagnýtt verkfæri og getur auðveldað mörgum fyrstu skrefin þegar kemur að gerð fræðsluáætlunar. Hér má hafa í huga að handbókin er leiðbeinandi og fyrir þá sem eru með minni rekstrareiningar er vel hægt að fara einfaldari og skemmri leiðir.

Á vefsíðu Starfsafls má einng finna einfalt sniðmát fyrir fræðsluáætlun auk þess sem þar er að finna sýnishorn af útfylltri fræðsluáætlun. Sniðmátið er hægt að aðlaga að þörfum, stækka, minnka eða breyta á hvern þann hátt sem hentar rekstrarforminu, fjölbreytni starfa og fjölda starfsmanna.

Reglur sjóðsins

Starfsemi sjóðsins hvílir á reglugerð en stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur sjóðsins. Þær eru í sífelldri endurskoðun enda mikilvægt í síkviku atvinnulífi að starfsmenntasjóður á borð við Starfsafl sé sveigjanlegur og mæti þörfum hverju sinni en festist ekki í þunglamalegu regluverki. Reglurnar eru því í sífelldri endurskoðun, nýjum reglum bætt við eða eldri reglur felldar út, allt eftir þörfum hverju sinni.

Á starfsárinu voru gerðar lítilsháttar breytingar á reglum sem og hert á viðurlögum vegna svika. Þá voru lagðar niður tvær reglur sem komnar voru til ára sinna:

a. Regla um hvatastyrk

Regla um hvatastyrk var fyrsta reglan sem sett var vegna stafrænnar fræðslu en hún var aldrei notuð þar sem aðrar haldbetri reglur urðu fljótlega til og þóttu betri. Reglan var því lögð niður snemma árs.

b. Regla um eigin fræðslu fyrirtækja

Reglunni var ætlað að styrkja þau fyrirtæki sem voru með sérhæfða fræðslu sem ekki var hægt að kaupa frá sjálfstæðum fræðsluaðilum og fram fór innan fyrirtækjanna með aðstoð eigin starfsfólks í hlutverki leiðbeinanda. Í dag eru sífellt fleiri fyrirtæki farin að nýta sér stafræna fræðslu sem þykir öllu sveigjanlegri sem og gera námsefni sem hægt er að nýta endurtekið sem hluta af fræðslu fyrirtækja. Það var því mat stjórnar að reglan hafi verið “barn síns tíma” og því var hún því lögð til hinstu hvílu.

Ekki voru gerðar neinar breytingar á einstaklingsstyrkjum á árinu en örlitlar breytingar gerðar á reglum vegna fyrirtækjastyrkja.

Breytingar á reglum um fyrirtækjastyrki:

a. Árleg styrkfjárhæð.

Til að mæta stærri fyrirtækjum var þak á hámark hækkað úr 3 milljónum króna í 4 milljónir. Hækkunin tók gildi frá áramótum 2024.

b. Reglur um stafræna námsefnisgerð

Samþykkt var að hækka styrkfjárhæð að hámarki í fjóra 300.000,- styrki á ári, þó aldrei meira en 90% af reikningi og veita fyrirtækjum sem fara þá leið að hafa námsefnið á íslensku en með texta styrk að hámarki fjóra 400.000,- styrki á ári. Með því er sjóðurinn að sýna ákveðna ábyrgð og ýta undir að námsefni sé frekar gert á íslensku en ensku eða öðru tungumáli og leggja þannig sitt afl á vogarskálarnar í verndun íslenskunnar.

c. Regla vegna túlkabjónustu

Skerpt var á reglunni á þann veg að skýrt væri að túlkabjónusta sem færi fram á námskeiðum, þegar hún væri keypt samhliða starfstengdu námskeiði fyrir hóp starfsfólks á vinnustað og greitt væri fyrir hvorutveggja, væri aðeins styrkt. Túlkabjónusta fyrir einstaklinga, til dæmis í prófum eða á starfstengdum námskeiðum innan eða utan vinnustaðar, væri ekki styrkt.

Iðgjöld og styrkir

Tekjur Starfsafls eru starfsmenntaiðgjald, hluti af launatengdum gjöldum og samningsbundið gjald atvinnurekenda til sjóðsins, eins og um er samið á hverjum tíma.

Fram til ársins 2008 naut sjóðurinn framlags úr atvinnuleysistryggingasjóðs en frá 2008 hefur hann ekki notið ríkisframlaga heldur verið alfarið fjármagnaður af aðilum vinnumarkaðarins.

Þau fyrirtæki sem greiða hæstu fjárhæðirnar, að einu undanskyldu, eru að greiða undir sex milljónum króna á ári sem renna þá bæði til einstaklings- og fyrirtækjastyrkja. Þessi fyrirtæki má telja á fingrum annarar handar þar sem flest fyrirtæki greiða mun lægri fjárhæðir enda fer greidd fjárhæð eftir fjölda starfsfólks og fyrirtæki hér á landi eru flest lítil eða meðalstór.


Í þessu felst hinsvegar að fyrirtæki sem fullnýtir rétt sinn og hvetur starfsfólk til að gera slíkt hið sama getur náð góðri ávöxtun, bæði fjárhagslegri og hvað mannauð varðar. Það er því margþættur ávinningur fölginn í því að skapa menningu innan fyrirtækis sem byggir á fræðslu- og þekkingaröflun og hvetur til hvorutveggja.

Heildarfjárhæð greiddra iðgjalda til Starfsafls árið 2024 var rétt undir 579 milljónum króna og er það 11,3 % hærri fjárhæð en frá árinu 2023.

Heildarfjárhæð greiddra styrkja til fyrirtækja og einstaklinga auk sértækra styrkja var 459 milljónir króna.

Heildarfjárhæð greiddra styrkja til fyrirtækja og einstaklinga auk sértækra styrkja var 459 milljónir króna.

Á mynd 1 má sjá hvert hlutfall styrkja var af iðgjöldum sé litið allt aftur til ársins 2005.



Til viðbótar við einstaklings- og fyrirtækjastyrki veitir Starfsafl styrki til sértækra verkefna, nýsköpunar- og þróunarverkefna, félagslegrar fræðslu sem fram fer innan þeirra félaga sem standa að Starfsafl og Fræðslustjóra að láni.


Á mynd 2 má sjá frekara niðurbrot á iðgjöldum og styrkjum árið 2024



Styrkir til einstaklinga

Styrkir til einstaklinga eru veigamikill þáttur í starfsemi Starfsafls en afgreiðsla umsókna fer fram hjá hlutaðeigandi stéttafélögum en reglur eru settar af stjórn Starfsafls og úrskurður álitamála fer fram á skrifstofu Starfsafls og ef þurfa þykir, er skotið til stjórnar Starfsafls

Tæplega 35.000 félagsmenn eiga rétt hjá sjóðnum og þar af eru flestir í Eflingu. Hópur félagsmanna er bæði fjölmennur og fjölbreyttur og speglar svo sannarlega litróf samfélagsins en félagsmenn koma frá hátt í 100 þjóðlöndum. Fjölbreytnin er mest hjá Eflingu en þar eru félagsmenn frá 88 þjóðlöndum, hjá VSFK frá 54 og að síðustu hjá Hlíf frá 36 þjóðlöndum eins og sjá má á mynd 3.




Fjöldi styrkja og fjárhæðir

5213 styrkir voru afgreiddir til einstaklinga árið 2024 og heildarfjárhæð greiddra styrkja var kr.356.609.884,- en það er aukning í fjölda umsókna en lækkun á heildarfjárhæð frá árinu áður um 3.7%.


5213 styrkir voru afgreiddir til einstaklinga árið 2024 og heildarfjárhæð greiddra styrkja var kr.356.609.884,-

Ekki er vitað hvað veldur lækkuninni en mögulega eru hertar reglur og breytt verklag við afgreiðslu umsókna skýring að hluta til. Þá getur möguleg skýring verið sú að fyrirtæki hafa sótt af auknum krafti í sjóðinn og þá greitt fyrir starfsfólk þá fræðslu sem það hefði annars nýtt sinn einstaklingsstyrk í.

Á mynd 4 má sjá nánari skiptingu á fjölda styrkja hjá félögunum og þá aukningu sem átt hefur sér stað á milli ára.



Á mynd 5 hér fyrir neðan má sjá aldursbil umsækjenda en flestir þeir sem nýta sjóðinn eru á aldrinum 20-39 ára. Minnst nýting er hjá þeim sem eru undir tvítugu og eldri en 60 ára.




Ljóst er að mest nýting sjóðsins er meðal einstaklinga á aldrinum 20–39 ára, sem samanlagt mynda stærstan hluta umsækjenda. Þessi aldurshópur er iðulega í miklum mótun á vinnumarkaði, að festa sig í sessi í starfi eða afla sér frekari menntunar og hæfni. Ungu fólkið nýtir jafnframt sjóðinn í ríkum mæli til að standa straum af kostnaði við nám eða til að bæta við sig sérhæfingu á fyrstu árum starfsævinnar.

Hins vegar má sjá að nýting minnkar jafnt og þétt eftir fertugt og er minnsti hlutfallslega hjá þeim sem eru eldri en sextíu ára. Þessi þróun gefur tilefni til ígrundunar: Hvers vegna nýtir fólk á miðjum aldri og eldra ekki fræðslusjóðinn í sama mæli, þrátt fyrir að það standi frammi fyrir hröðum og stöðugum breytingum á vinnumarkaði? Þekking úreldest hraðar en áður og þau störf sem áður þóttu stöðug og örugg eru nú mörg hver að breytast eða hverfa. Sá sem heldur ekki áfram að efla hæfni sína og laga sig að breyttum aðstæðum, hættir á að sitja eftir og eða detta út af vinnumarkaðnum.

Það er því afar mikilvægt að ná betur til aldurshópsins 40 ára og eldri og mikilvægt að skoða með hvaða hætti það er gert.

Á mynd 6 má sjá hlutfallslega skiptingu eftir tegund náms en þessi röðun helst nokkuð óbreytt á milli ára þó einhverju geti munað hlutfallslega.



Íslenskunám var það nám sem mest var sótt á árinu og það skýrist af þeim fjölda félagsmanna sem eru af erlendu þjóðerni. Þá eru reglur vegna íslenskunáms rýmri en aðrar reglur þar sem veitt er sérstök undanþága til nýrra félagsmanna af erlendum uppruna, sem kjósa að læra íslensku, en hægt er að fá fullan styrk, 130.000,- á fyrsta mánuði sem félagsmaður. Það að skylja og geta talað íslensku er mikilvægur þáttur þess að aðlagst samfélaginu, vinnumarkaði og þá vinnustað, að skilja menningarleg blæbrigði, félagsleg viðmið, siði og venjur og þannig geta verið virkur þátttakandi. Það er ómetanlegt.

Unga fólkið safnar rétt í sjóðnum með sumarvinnunni eingöngu og nýtir þann rétt til greiðslu náms- og skólagjalda. Fyrir ungmennin getur það skipt sköpum að hafa það fjárhagslega bakland.

Styrkir til fyrirtækja

Fyrirtæki með starfsfólk sem telst til félagsfólks þeirra stéttafélaga sem standa að Starfsafli eru af ýmsum toga. Stór og lítil, í iðnaði, verktöku og þjónustu svo dæmi séu tekin. Fjöldi þeirra fyrirtækja nýtir rétt sinn hjá sjóðnum á hverju ári og nær þannig að byggja upp og viðhalda menningu sem styður við fræðslu- og starfsmenntun og hvetur til starfsþróunar.

Aðild að Samtökum atvinnulífsins gefur meira

Starfsafl er starfsmenntasjóður Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttafélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis. Ekki eru öll fyrirtæki sem eru með félagsmenn í áður nefndum félögum í aðild að Samtökum atvinnulífsins og njóta því þau fyrirtæki sem eru í aðild hærri styrkja, eða 90% af reikningsupphæð samkvæmt reglum þar um en fyrirtæki utan aðildar fá 90% af 90%. Á árinu voru um 70% fyrirtækja sem sóttu um til sjóðsins með aðild að Samtökum atvinnulífsins og fengu því hærri styrki heldur en þau fyrirtæki sem voru án aðildar.

Á árinu var um 70% fyrirtækja með aðild að Samtökum atvinnulífsins og fengu því hærri styrki heldur en þau fyrirtæki sem voru án aðildar

Hér á landi eru um 80% fyrirtækja með undir 50 starfsmenn og er þá mögulega enginn innan fyrirtækis sem ber beina ábyrgð á mannauðs- og fræðslustjórnun eða skortur er á fagþekkingu. Vegna þessa geta fyrirtækin sótt ráðgjöf og aðstoð til Starfsafls tengt þeim málaflokk sbr. eftirfarandi;

- skoða mögulegar leiðir í fræðslu starfsfólk
- fá kynningu á möguleikum eigin fræðslu, stafrænni fræðslu og staðbundinni fræðslu
- fá upplýsingar um námskeið og fræðsluaðila
- skipuleggja eitt námskeið eða jafnvel setja upp einfalda fræðsluáætlun
- fá upplýsingar um styrki (hvað er styrkhæft og möguleg endurgreiðsla)
- fá fræðslu, ráðgjöf og stuðning

Ofantalið er fyrirtækjum að kostnaðarlausu og til þess ætlað að ýta undir aukinn þroska í stjórnun fræðslu- og mannauðsmála innan fyrirtækja.


Styrkir til fyrirtækja

Árið 2024 var heildarfjárhæð styrkja til fyrirtækja 96.4 milljónir króna og á bak við þá fjárhæð voru tæplega 10441 félagsmenn.

Árið 2024 var heildarfjárhæð styrkja til fyrirtækja 96.4 milljónir króna og á bak við þá fjárhæð voru 10441 einstaklingar

Fjöldi styrkumsókna

Á árinu barst Starfsafl 541 umsókn frá fyrirtækjum. Samþykktir og afgreiddir styrkir voru 451 talsins frá 141 fyrirtæki. Á bak við hverja umsókn getur verið fjöldi námskeiða með tilheyrandi fjölda gagna. Fjöldi umsókna segir því lítið um umfang en gefur einhverja innsýn.



Höfnun umsókna


80 umsóknir hlutu ekki afgreiðslu og var hafnað af fræðslusjóðnum. Ástæður að baki höfnun geta verið af ýmsum toga, þ.m.t. að enginn félagsmanni er hjá sjóðnum, fyrirtækið er komið í leyfilegt hámark, röng kennitala félagsmanns, upplýsingar skortir og ekki er brugðist við beiðni um þær upplýsingar sem vantar, umsækjandi er atvinnurekandi, umsækjandi er hið opinbera og svo framvegis.

Afgreiddir styrkir og styrkfjárhæðir

Í byrjun árs 2024 var hækkað hámarkið á heildarstyrkfjárhæð til fyrirtækja úr 3 milljónum króna í 4 milljónir. Hvert fyrirtæki um sig getur þar af leiðandi fengið að hámarki 4 milljónir króna á

almannaksári. Aðeins örfá fyrirtæki og þá aðeins þau stærstu, með 250 starfsmenn eða fleiri, ná að fullnýta þann rétt með einhverjum undantekningum þó.


Á mynd 8 hér fyrir neðan má sjá skiptingu á fjölda fyrirtækja og styrkuppþæðar en 74% fyrirtækja fengu undir einni milljón króna, 13 % fyrirtækja fengu 1 - 2 milljónir og 7 % fyrirtækja fengu 2-3 milljónir í styrk á árinu. 6% fyrirtækja fullnýttu rétt sinn og fengu greiddar 3-4 milljónir króna vegna starfsmenntunar.



Fjölbreytni í fræðslu

Það færir í vöxt að fyrirtæki greiði fyrir sitt fólk nám til réttinda, svo sem meirapróf, endurmenntun atvinnubílstjóra og réttindi á minni vinnuvélar. Þörfin fyrir fræðslu og markvissa starfsþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni enda sá hópur sem er viðkvæmari fyrir breytingum á vinnumarkaði og mikilvægt að þeir hópar sitji ekki eftir þegar kemur að þjálfun starfsfólks.

Á mynd 9 má sjá hvernig skiptingin var á árinu sé litið til námskeiðstegundar.



Þá er það sífellt algengara að fjárfest er í fræðslu sem snýr að almennri líðan á vinnustað og samskiptum svo fátt eitt sé talið enda vinnustaðir fjölbreyttir og mikilvægt að líðan allra sé með besta móti

Vert er að benda á að starfrænt fræðsluumhverfi er ekki fræðsla í sjálfu sér heldur umhverfi þar sem fyrirtæki setja inn efni tengt rekstri og starfsþróun, þá bæði aðkeypt efni eða sérsniðið. Tölur á bak við starfrænt fræðsluumhverfi og starfæn fræðslusöfn er ekki endilega staðfesting á veittri fræðslu en sannarlega staðfesting á mögulegu aðgengi.

Fræðsla sem snýr að vinnuvélanámi, auknum ökuréttindum og endurmenntun atvinnubílstjóra og fiksvinnsla er sannarlega fræðsla sem felur í sér áunnin réttindi og gríðarlega mikilvæg fyrir þann hóp félagsmanna.

Fyrirtæki sem fengu styrk til fræðslu frá Starfsafli árið 2024

141 fyrirtæki nýttu rétt sinn á árinu og sóttu um styrk vegna starfsmenntunar til sjóðsins.

Ferðaskrifstofa Kynnisferða	Byggingafélag Gylfa og	Garðlist ehf
1912	Gunnars	Grey line Iceland
AD Travel ehf	Cargoflutningar	Guðmundur Jónasson ehf
Advanía á Íslandi	Center hótels	Heimaleiga
Airport Associates	Coca Cola	Heimilistæki ehf
Alex Airport hotel	Colas á Íslandi	Hekla hf
Algalíf Iceland ehf	Coripharma ehf	Hið íslenska reðasafn
Almenningsvagnar	Dagar hf	Höldur ehf
Alvotech	Djús ehf	Hópbílar
Apótek hótélrekstur ehf	Egilsson ehf	Hornsteinn ehf
AB-þrif	Eignaumsjón	Hótel Cabin
Betri þrif ehf	Eimskip	Hotel Collection by Berjaya
Bílaleiga Flugleiða	Einingaverksmiðjan	Hótel Holt Hausti
Bílanaustr	Esja Gæðafæði ehf	Hótel Keflavík ehf
Bílaumboðið Askja	Expres ehf	Hótel Klettur ehf
Björgun	Fagkaup ehf	HR Þrif
Bláa Lónið ehf	Fagurverk ehf	Hreint ehf
Blue Car Rental	Farfuglar ses	Húsasmiðjan
BM Vallá ehf	Félagsstofnun stúdenta	Hvammsvík sjóböð ehf
Borg hótélrekstur ehf	First water	Iceland hotel Collection by
Brim hf	Fly over Iceland	Berjaya
	Garðapjónusta Íslands ehf	Icelandair ehf

Icelandic Water Holdings	Nings ehf	Skipaþjónusta Íslands.
Í-Mat ehf	OJK-Ísam	Skólamatur ehf
Indín ehf	Ölgerðin	Skólavörðustígur 40 ehf
Innnes	Olíudreifing ehf	Skuggi hótélrekstur
Ísfell ehf	Olíuverslun Íslands	Sky Lagoon
Íslandshótel hf	Opin kerfi	Smjattpatti
Íslenska gámafélagið	Öryggismiðstöð Íslands	Sólar ehf
Ístak	Penninn ehf	Sölufélag garðyrkjemanna
Já verk	Pizza Pizza ehf	Sómi ehf
Jarðboranir	Play	Sportköfunarskóli Íslands
Javerk ehf	Rafbox ehf	Steypustöðin
Jóhann Helgi og Co ehf	Rafha	Stjörnugrís
Kerlingarfjöll	Reykjavík Sightseeing	Storm hótélrekstur
KFC ehf	Reykjagarður	Straumhvarf hf
Lagerdele travel retail	Reykjavík Napolí ehf	Te og kaffi
Landsvirkjun	Rio Tinto	Terra umhverfisþjónusta
Langvía ehf	Sambagrill	Þykkvabæjar ehf
Leikfélag Reykjavíkur	Samherji Fiskeldi ehf	Tindhagur ehf
Lóðapjónustan	Samskip	Tölvulistinn
Malbiksstöðin ehf	Sand H. operation	Urð og grjótt
Málmaendurvinnslan	Securitas ehf	Varnir og Eftirlit
Marel ehf	Sérleyfisbílar Akureyrar	VBT ehf
Margt smátt	SÍ ehf	Verkvík - Sandtak
Matfugl ehf	Signa ehf	VHE ehf
Mjólkursamsalan ehf	Síld og fiskur ehf	Vignir G. Jónsson
Myllan - Ora ehf	Sinnum	Vörumiðlun


Er þitt fyrirtæki á listanum?

Það er vert að benda á það að öll fyrirtæki á almennum markaði sem eru með starfsfólk í hlutaðeigandi stéttafélögum og í skilum með iðgjaldagreiðslur, eiga rétt hjá sjóðnum. Rétturinn myndast sjálfkrafa um leið og launatengd gjöld starfsmanns eru greidd og því er hægt að sækja um styrk vegna starfsmanns strax á fyrsta mánuði í starfi.

Fræðslustjóri að láni

Fræðslustjóri að láni er verkfæri sem fjöldi fyrirtækja hefur nýtt sér á þeim árum sem liðin eru frá fyrsta verkefninu. Fjölbreytnin er mikil meðal þeirra fyrirtækja og þar á meðal má finna veitingastaði, hótél, fiskvinnslur, heildsölur, bílaleigur og verksmiðjur, svo dæmi séu tekin.

Ferlið í Fræðslustjóra að láni



Árið 2024 fengu 7 fyrirtæki Fræðslustjóra að láni. Á bak við þá tölu voru 1383 félagsmenn.

Verkefnið felur í sér að sjóðirnir leggja til “Fræðslustjóra að láni”, fræðslu- og mannauðsráðgjafa, sem greinir fræðsluparfir fyrirtækisins og semur fræðsluáætlun byggða á greiningunni. Fræðsluáætlunin skal vera með útfærslu að leiðum, tímasetningu námskeiða og tillögum að fræðsluáðilum ásamt aðgerðum um þjálfun og menntun til styttri og lengri tíma. Greiningin og fræðsluáætlunin er ávallt unnin í nánú samstarfi með starfsfólki og stjórnendum fyrirtækisins. Allur kostnaður vegna ráðgjafans er greiddur af þeim sjóðum sem að verkefninu koma en framlag fyrirtækisins felst í framlögðum tíma starfsfólks. Þau fyrirtæki sem fengu Fræðslustjóra að láni voru eftirfarandi:

- | | |
|----------------------------|-------------------|
| ✓ Jarðboranir | ✓ Sólar ehf |
| ✓ Straumhvarf hf | ✓ Eimskip |
| ✓ Icelandic Water Holdings | ✓ Blue Car rental |
| ✓ Dagar hf | |

Sértækir styrkir

Sértæk verkefni – styrkveitingar ársins 2024

Árlega berast Starfsafli nokkrar umsóknir um styrki vegna sértækra verkefna, það er verkefna sem falla utan almennra styrkja til einstaklinga og fyrirtækja. Slík verkefni lúta sérstöku ákvæði um námsefnisgerð, nýsköpun og þróun og fara ætíð til umfjöllunar og samþykktar hjá stjórn Starfsafls.

Á árinu 2024 samþykkti stjórn Starfsafls að veita styrki til fimm sértækra verkefna.

Hér að neðan eru verkefnin sem hlutu styrk kynnt nánar;

1. „Do's & Don'ts when welcoming foreign guests“

Verkefnið fólst í þróun námsefnis sem miðar að því að efla þjónustulund og menningarläsi starfsfólks í ferðaðþjónustu. Í umhverfi þar sem ólíkir menningarheimar mætast er fræðsla og þjálfun lykilatriði til að tryggja árangur og ánægju gesta.

Stjórn Starfsafls samþykkti einróma að veita umsækjandanum, Margréti Reynisdóttur, eiganda Gerum betur ehf., styrk vegna nýsköpunar og þróunar námsefnisins. Markmið verkefnisins var að auka skilning starfsfólks á ólíkum þörfum og væntingum gesta af mismunandi þjóðerni.

2. Stafræn þróun og stuðningsefni fyrir ferðaðþjónustu

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sótti um styrk til þróunar stafrænna verkfæra og fræðsluefnis fyrir ferðaðþjónustuna. Verkefnið var unnið í samstarfi við Ferðamálastofu og Hæfnisetur ferðaðþjónustunnar, sem jafnframt ber ábyrgð á verkefnaumsjón.

Markmið verkefnisins er að efla stafræna færni og bjóða upp á notendavænt viðmót og hagnýt verkfæri sem styðja við hæfniþróun innan greinarinnar.

3. Menntadagur atvinnulífsins 2024

Samtökum atvinnulífsins var veittur styrkur vegna Menntadags atvinnulífsins sem haldinn var í ellefta sinn árið 2024. Yfirskrift dagsins var „*Göngum í takt: Er menntakerfið að halda í við þarfir atvinnulífsins?*“

Viðburðurinn er árlegt samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka þeirra og hefur fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur stefnumótunar í mennta- og atvinnumálum.

4. Fræðsla til framtíðar

Verkefnið var unnið í samstarfi Hæfniseturs ferðaðþjónustunnar og helstu starfsmenntasjóða atvinnulífsins, þar með talið Starfsafls. Um er að ræða þróunar- og stefnumótunarverkefni sem miðar að því að styðja stjórnendur lítilla og meðalstórra ferðaðþjónustufyrirtækja í að byggja upp sjálfbæra fræðslustarfsemi innan síns fyrirtækis.

Verkefnið var skilgreint sem tilraunaverkefni með 12 mánaða tímaramma og gert ráð fyrir þátttöku allt að 20 fyrirtækja. Í lok árs 2024 var verkefninu ekki enn lokið, en það var í fullum gangi og gert ráð fyrir að því lyki um mitt ár 2025.

5. Fræðsla um sjálfbærni á mannamáli

Samþykkt var að veita Laufín ehf umbeðin styrk til að útbúa fræðsluefni sem hannað væri með það fyrir augum að veita stjórnendum skýra yfirsýn yfir ávinning sjálfbærrar stefnumörkunar fyrir reksturinn sjálfan, umhverfið og samfélagið í heild. Með því að leiða fyrirtæki í gegnum hagnýt atriði og verkfæri, er fræðslan ætluð til að hvetja til aðgerða og breytinga. Markmiðið er að veita þeim þá þekkingu og sjálfstraust sem þarf til að stíga fyrstu skrefin að sjálfbærum rekstri.

Félagsleg fræðsla stéttafélaganna

Þau stéttafélög sem standa að Starfsafla geta sótt um styrk til sjóðsins vegna félagslegrar fræðslu. Þak er á þeirri fjárhæð sem félögin geta fengið á ári hverju og tekur sú fjárhæð mið af almennum reglum um styrki til fyrirtækja. Þá á sú fræðsla sem boðið er upp á að vera starfstengd og til þess fallin að styðja við og efla félagsmenn í sínum störfum og eða undirbúa undir starfslok. Ekkert félag nýtti sér þennan rétt á árinu

starfs**afl**